

Mál nr 13/2019

Ár 2019, þriðjudaginn 30. apríl, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 13/2019

HRFÍ

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

#### I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda HRFÍ sem barst siðanefnd 5. mars 2019 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða X hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina A við rakkann B án þess að tíkin hefði náð tilskildum lágmarksaldri við þörun. Kæran hefur verið birt kærðu með bréfi dagsettu 18. mars 2019 þar sem henni var gefinn frestur til 20. apríl til andsvara. Kærða hefur sent inn andsvar og útskýringar á meintu broti sínu. Afrit af því var sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en óskaði eftir því að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin þá ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu þörunarvottorði dagsettu 4. maí 2018 paraðist tíkin A við rakkann B hinn 27. november 2017. Við þörunina hafði tíkin ekki náð tilskildum lágmarksaldri sem kveðið er á um í reglum félagsins. Hundarnir eru af hundakyninu Collie smooth og eru báðir í eigu kærðu. Kærandi telur að með þöruninni hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða hefur sent inn bréf til nefndarinnar dags 25. mars þar sem hún tilgreinir að um slysgot hafi verið að ræða og alls ekki hafi staðið til að para tíkina og hún því ekki búíð að mjaðmamynnda hana. Kærða gerði sér fulla grein fyrir því að reglur höfðu verið brotnar með þessari þörun og hélt ekki uppi neinum vörnum í málinu.

#### III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ grein 3.3 segir:

„Para ekki tik fyrir tveggja ára aldur nema annað sé tekið fram í reglum sérdeilda varðandi undaneldisdýr.“

Og í reglugerð um skráningu í ættbók segir un hundakynið Collie:

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun.  
Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.  
Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.

Þegar pörun átti sér stað var tíkin aðeins rúmlega 15 mánaða gömul og vantaði því tæplega 9 mánuði til að ná tilskildum lágmarksaldri sem grundvallarreglur félagsins kveða á um. Í sérreglum um tegundahóp 1 kemur ekki fram undanþága um lágmarksaldur tíka af tegundinni Collie smooth.

Það er ætíð alfarið á ábyrgð ræktenda hafa í heiðri reglur félagsins og sjá til þess að hundar parist ekki fyrir slysi. Þessi regla er sett með dýravelferð að leiðarljósi og ætti öllum ræktendum að vera bæði ljúft og skylt að halda slíka reglu.

Þykir siðanefnd hæfilegt að áminna kærðu.

#### IV. Niðurstaða.

Kærða, X telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 og 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

---

Guðrún Margrét Baldursdóttir

---

Kristín Fjóra Fannberg

---

Kristín Sveinbjarnardóttir